

## Starfsárið 2016-2017

### Aðalfundur Félags Íslenskra Náttúrufræðinga

Fimmtudaginn 30.mars 2017, kl. 15:00-18:00, Borgartúni 6, 4.hæð

**Fundarstjóri:** Páll Halldórsson

**Fundarritari:** Rakel Júlía Sigursteinsdóttir

#### Dagskrá:

1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.**
2. **Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar FÍN og sjóða með áritun endurskoðana.**
3. **Tillögur um lagabreytingar.**
4. **Ákvörðun félagsgjalda.**
5. **Stjórnarkjör.**
6. **Kosning skoðunarmanna reikninga**
7. **Kosning stjórn Kjaradeilusjóðs.**
8. **Kosning siðanefndar**
9. **Önnur mál**
  - **Tillaga stjórnar FÍN um að hætta orlofshúsarekstri.**
  - **Ályktanir aðalfundar**

#### Efni dreift á fundi:

- Fylgiskjal 1** Fréttabréf FÍN 32 árg. 1. tbl. mars 2017  
**Fylgiskjal 2** Ársreikningur FÍN  
**Fylgiskjal 3** Ársreikningur Kjaradeilusjóðs  
**Fylgiskjal 4** Tillögur að stjórn og nefndum 2017-2018

**Fundarsetning:** Maríanna H. Helgadóttir setti fund og lagði fram tillögur að fundarstjóra og ritara fundarins. Páll Halldórsson samþykktur sem fundarstjóri og Rakel Júlía Sigursteinsdóttir samþykkt sem fundarritari.

Páll stingur upp á því að sameina lið 1 og 2, þannig að afgreiðsla skýrsla stjórnar og reikningar verði afgreiddir saman.

#### 1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar**

Maríanna H. Helgadóttir flutti skýrslu stjórnar. Hún kynnti embætti stjórnar, starfsemi og starfsfólk síðasta starfsárs.

Starfsdagar trúnaðarmanna voru 2.

SHMN lögðu niður sitt félag og gengu inn í FÍN eftir áramótin. Nýir félagar boðnir velkomnir.

Virkir félagsmenn í janúar 2017 voru 1714. Fjöldi nýrra félaga á starfsárinu 142. Skipting félagsmanna eftir mörkuðum kynnt. Kynjaskipting hefur ávallt verið nokkuð jöfn en nú hefur komum fjölgað aðeins, eru nú 56%.

Hlutfall atvinnulausra hækkað örlítið var 2008 1% en 2016 1,6%.

Ráðinn var sumarstarfsmaður sumarið 2016 til að sinna ýmsum verkum.

Sigrún Ösp nýr framkvæmdarstjóri kynntur.  
Margrét starfsmaður skrifstofu kynntur.  
Norrænt samstarf, stefnt á að hittast í Danmörku í júní nk.  
Stjórn FÍN hefur ákveðið að hafa stefnumótunarþing n.k. haust.  
Fjárhagsáætlun og reikningar verða kynntir nánar hér á eftir.  
Fyrirverandi formaður SHMN kynntur.  
Orlofshúsin; Fullsæll er í eigu FÍN en kominn er tími á endurbætur. Skógarkot er í leigu frá Skógræktinni. Tekin verður afstaða og kosið á fundinum hvort halda eigi áfram rekstrinum.  
Þóknarir til stjórnarmanna kynntar og félagsgjöld FÍN.  
Staða kjarasamninga kynnt. Gerðardómur og áhrif hans.  
BHM og önnur aðilafélög farin að hittast og ræða næstu samninga. Formaður FÍN lagði til að hefja þessa vinnu fljótlega til að vera klár í slaginn fyrir haustið.  
Árið er búið að vera annríkt vegna lífeyrismála.  
Verkfallslistar, við höfum sent okkar andmæli varðandi nokkra lista hjá nokkrum stofnunum. Reynt að hafa eins fáa og hægt er á undanþágulista svo verkfall hafi áhrif. Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, er nú tekin við sem framkvæmdarstjóri BHM. Reikningar okkar nú endurskoðaðir af löggildum endurskoðendum og fékk félagið margar góðar ábendingar um það sem betur má fara.  
Aðalfundur BHM kynntur, 20 sæti laus til að sitja fundinn, fundargestir hvattir til að mæta.  
Lífeyrismálið reifað, frumvarpið sem var lagt fram og samkomulagið. 7. greinin.  
Verkefni framundan.  
Þakkarorð fyrir samstarfið á árinu.

Sjá nánar í Pistli formanns í fréttabréfi FÍN.

## 2. Ársreikningar

Sigrún Ösp, framkvæmdarstjóri FÍN, lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sjóða þess.

Ársreikningar FÍN voru lagðir fram

Ársreikningar Kjaradeilusjóð voru lagðir fram

Umræða um 1 og 2. Lið.

Ábending varðandi reikning kjaradeilusjóðs.

Spurning: Hver var kostnaður við ráðningu nýs framkvæmdarstjóra? Hvað tók Capacent fyrir? Svar: um 835 þúsund

Spurning um skýrslu stjórnar varðandi lífeyrismálin. Talað var um í fréttum að einhver félög ætluðu í mál. Svar: Skoðað var hvort hægt yrði að fara í mál. Formaður rifjaði upp annað mál þar sem það bar ekki árangur. Formaður mælist ekki til þess, frekar að beita sér að fara aðrar leiðir. Erfitt að sjá flöt á því að fara í málsókn. BHM ætlar að reyna að ramma inn þræði sem hægt verður að vinna áfram með. Þar er bjartsýni, reyna að herja á 7.gr., hækka / leiðrétta launin launin. Reyna að vinna úr hlutunum, horfa fram á við.

### Afgreiðsla:

- Ársreikningur félagsins lagður undir atkvæði. Samþykkt einróma.

- Ársreikninga Kjaradeilusjóð lagður undir atkvæði. Samþykkt einróma

### 3. Tillögur um lagabreytingum laga FÍN

Sjá fyrir og eftir texta í fylgiskjali Gögn fyrir aðalfund.

#### 2. gr. Hlutverk

**Afgreiðsla:** Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

**Spurning:** Varðandi kjarasamningsbundin réttindamál, hvernig er með félagsmenn sem ekki eru með kjarasamning?

**Svar:** Stéttarfélag er til því það eru til lög um kjarasamninga. Gætum réttinda félagsmanna. Ráðningasamningur á að innihalda tilvísun í stéttarfélag svo starfsmaður geti notið þeirra réttinda og þjónustu félagsins. En ekki t.d. það sem snýr að höfundarétti og slíkt, lögmannsstofan Mandat tekur það að sér.

#### 3.gr. Aðildarskilyrði

**Spurning:** Hvernig koma matvæla og næringarfræðingar inn sem náttúrufræðingar.

**Svar:** FÍN ekki einsleit stétt, listi yfir þá sem eru í félaginu sýnir að þar er mjög fjölbreyttur hópur. Er á raunvísindasviði. Frekar ætti að taka út ákvæðið um Arkitektúr sem er barn síns tíma.

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

#### 4.gr. Umsókn

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

#### 5.gr. Aðalfundur

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

#### 6.gr. Stjórn og framkvæmdarstjórn

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

Lög félagsins teljast nú breytt. Engin mótatkvæði.

Tillögur að breytingum á reglum Kjaradeilusjóðs FÍN

#### 4.gr. Stjórn sjóðsins

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

Tillaga að breytingum á starfsreglum Siðanefndar FÍN

Reglur teljast samþykktar, engin mótatkvæði.

#### 1.gr. Skipun nefndarinnar.

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

### 4. Ákvörðun um félagsgjöld

BHM ákvað að miða iðgjöld aðildarfélaga við heildarlaun. Niðurstaða FÍN var að félagsgjald verði það sama fyrir opinberan- og almennan markað sem er 0.7% af heildartekjum.

**Tillaga:** Félagsgjald verði áfram óbreytt 0.7% af heildarlaunum

**Afgreiðsla:** Samþykkt samhljóða

## 5. Stjórnarkjör

Páll kynnti. Engin móttillaga hafði borist félaginu vegna tillaga að stjórn og nefndum né tillaga formanns.

**Afgreiðsla:** Tillögur að stjórn og nefndum lögð fyrir fund.

**Stjórn til 2ja ára:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**Stjórn til 1 árs:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**Formaður FÍN:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**Skoðanamenn reikninga:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

**Stjórn Kjaradeilusjóð:** Þeir sem buðu sig fram sjálfkjörnir

**Siðanefnd:** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

## 9. Önnur mál

Tillaga stjórnar FÍN um að hætta orlofshúsarekstri kynnt.

Framkvæmdarstjóri kynnti könnun sem var send út til að kanna afstöðu félagsmanna. 445 félagsmenn svöruðu. Niðurstöður könnunar kynnt. 64.9% töldu að FÍN ætti ekki að standa í orlofsrekstri.

Marianna les upp greinagerð varðandi orlofsreksturinn en hana má finna í fundargögnum.

Spurning: Ef við myndum hætta rekstri myndi þá sumarið nú vera undir? Svar: Þetta orlofstímabil verður klárað og húsin nýtt í sumar.

Spurning: Hvernig hefur nýtingin verið? Svar: Nýtingin nokkuð góð en þetta eru fáir aðilar sem nýta húsin.

Spurning: Er hægt að sameina þessi hús við orlofshúskost BHM þannig að kostirnir standi áfram til boða. Svar: Þessi tillaga féll í grýttan jarðveg hjá OBHM á sínum tíma fyrir mörgum árum þegar orlofshús annarra stéttarfélaga var boðin OBHM. Þeirra stefna er að hafa klasa eins og í Brekkuskógi, ekki er búið að ræða þetta nú með húsin okkar. OBHM hefur verið að bæta við kosti sína. Ekki verið rætt nánar.

Spurning: Ef það verður samþykkt að hætta rekstri er stjórn FÍN með tillögu hvað gert verður við húsið? Svar: Ekki búið að ræða eða taka afstöðu. Stjórn hefur ekki farið í þessa umræðu.

Athugasemd. Gott fyrir ungt fólk hjá FÍN að hafa aðgang þar sem það hefur ekki eins mikla punktastöðu. Svar: Fyrstur kemur fyrstur fær hjá BHM utan orlofstíma óháð punktastöðu.

Spurning: Er eitthvað annað sem FÍN getur þá gert í staðinn fyrir orlofshúsin? Svar: Höfum ekki farið út í það að efla orlofskostina. Horfum frekar til þess að nýta krafta okkar í annað.

**Fundargestir beðnir um að skila atkvæðum varðandi tillöguna.**

**Fundastjóri telur upp atkvæðin**

Já: 23

**Nei: 4**  
**Auðir: 3**

**Tillaga stjórnar telst því samþykkt.**

**-Ályktanir aðalfundar**  
**Sjá í fylgiskjali – Gögn fyrir aðalfund 2017**

Bætt vinnubrögð um kjarasamningagerð og þróun vinnumarkaðslíkan  
*Afgreiðsla samþykkt samhljóða*

Staða náttúrufræðina á vinnumarkaði  
*Afgreiðsla samþykkt samhljóða*

Breytingar á A-deild LSR og Brú  
*Afgreiðsla samþykkt samhljóða*

Saga félagsins og [www.natturufraedingatal.is](http://www.natturufraedingatal.is)  
Kynning

**Félagsmenn hvattir til að miðla gögnum og öðrum upplýsingum til félagsins sem eiga  
erindi í sögubækur félagsins.**

Engin önnur mál

Páli Halldórssyni þakkað fyrir fundarstjórn, sem og öðrum stjórnarmönnum fyrir aðkomu að þessum fundi.

Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað fyrir störf í þágu félagsins og leystir út með gjöfum.  
Ína fráfarandi varaformaður og Ólafur gjaldkeri. Þeir sem ekki voru viðstaddir fá sínar gjafir sendar heim.

Fundi slitið kl 17:15 af formanni félagsins.